

Stjórnarfundur 3. janúar 2023

Það er til efni í keppnisjakka á Kjarri. Ragga heyrir í þeim og athugar hvað er mikið efni til því það er vöntun á jökkum, bæði til eignar og fyrir félagið að eiga til að geta lánað félögum í keppni og aðra viðburði.

Farið yfir breytingatillögu á lögum félagsins. Verður birt á heimasíðu fyrir félagsmenn til að skoða fyrir aðalfund. Þarf að koma á heimasíðu á miðvikudagskvöld 4. janúar.

Rætt um að setja upp áningahólf á félagssvæðinu. T.d. við Sólborgarland efst í horni við reiðveg við Ölfusborgir. Og laga hólf við Engjastykki. Leggja til á aðalfundi.

Við viljum taka umræðu á aðalfundi um hvort nefndarmenn fái einhverskonar umbun fyrir að vera virkur nefndarmeðlimur. Þurfum að finna leið til að ákvarða hvaða meðlimir hafi verið virkir og skilað góðu starfi. T.d. formaður nefndar.

Lottógreiðslur sem félagið fær fyrir 15 ára og yngri renni beint til æskulýðsnefndar. Samþykkt.

Afslættir: Tala við Lífland á Selfossi og Fóðurblönduna og jafnvel fleiri um að félagar Ljúfs fái fastan afslátt með afsláttarkóða eða slíku. T.d. sérstaklega fyrir öryggisvörur. Erla fer í málið.

Raflýsing: 8 milljóna styrkur er kominn á fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar. Bærinn fékk tilboð í jarðvinnuna sem er hærri en upphæð styrksins. Því er óvíst hvað verður gert næst. Það er búið að kaupa staurana.

Ragga ræðir við Geir um hvort við getum sjálf fengið tilboð í vinnu við uppsetningu stauranna og notað í það þá upphæð sem er eftir eftir að kaupa staurana.

Sólborgarland aðgengi. Mjög slæmt eftir breytingu Hvammsvegar. Þarf að laga, búið að reyna að hafa samband við ÍAV.

Zipline og reiðstígar. Við missum reiðstíg yfir móa meðfram ánni framhjá Reykjadalsskála. Við missum einnig beitarhólf (Árhólmi?).

Það er skipulagður stígur á aðalskipulagi meðfram veginum frá hesthúsahverfi að Reykjadalsskála sem er ekki til staðar.

Það er umræða í gangi með að gera nýjan stíg í gegnum Árhólma svo við missum ekki reiðvegi.

Umferð ferðamanna þrengir orðið talsvert að hesthúsahverfinu og bílum er oft lagt á reiðstíga eða í hverfinu. Það skapar hættu fyrir reiðmenn. Hugmynd er að setja hlið á afleggjara inn í hesthúsahverfið og félagsmenn hafi númer til að hringja í eða númer

til að slá inn til að opna hliðið. Hægt væri að tengja myndavél við hliðið. Eykur líka öryggi varðandi stuld og fleira. Sýrja aðalfund hvort það ætti að loka hverfinu.